

MINNISBLAÐ

FRÁ: HILDIGUNNI HAFSTEINSDÓTTUR LÖGFRÆÐINGI SSH
TIL: STJÓRNAR SSH
EFNI: BREYTINGAR Á HEILBRIGÐISEFTIRLITI
DAGS: 14. ÁGÚST 2026

Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum voru samþykkt á Alþingi 19. júní sl. Lögin, ásamt lögum um Stofnun atvinnuveganna sem voru samþykkt sama dag, leiða til þess eftirlit á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir verður fært til Umhverfis- og orkustofnunar og eftirlit með m.a. matvælum til Matvælastofnunar (Stofnunar atvinnuveganna).

Ákvæði um starfsemi, verkefni og lögbundin úrræði heilbrigðiseftirlita og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga falla úr gildi með lögunum en eftir standa nokkur lögbundin verkefni sveitarfélaga ásamt heimildum til þess að setja staðbundnar samþykktir um dýrahald, meðhöndlun úrgangs og fráveitumál.

Lögin taka gildi 1. janúar 2027.

Jafnframt er í gangi vinna hjá ráðuneytinu við breytingar á 57 reglugerðum, en þar er mestmegnis um að ræða brottfallingu á vísun til heilbrigðiseftirlita og heilbrigðisnefnda auk þess sem einhver verkefni færast til sveitarfélaganna.

Fyrirhugaðar breytingar fela það í sér að matvælaeftirlit, hollustuháttaeftirlit með starfsemi, mengunarvarnaeftirlit og starfsleyfi, flytjast að mestu til ríkisins. Aðrir verkefnaflokkar verða eftir hjá sveitarfélögunum og í enn öðrum flokkum verður ábyrgð skipt milli ríkis og sveitarfélaga.

Af framangreindu er ljóst að töluverð vinna er fyrir dyrum hjá sveitarfélögunum vegna þessa en nokkuð skortir á gögn um umfang og eðli verkefna og greiningar á þeim verkefnum sem eftir standa:

- Gera þarf greinargott yfirlit yfir þau verkefni sem heilbrigðisnefndir og heilbrigðiseftirlit sinna nú og leggja mat á þau þau, t.a.m. eftir því hvort þau verða lögskyld eftir tilgreindar breytingar eða lögheimil og ef svo er í hvaða tilvikum er áfram þörf á að sinna þeim á vettvangi sveitarfélagsins. Mikilvægt er að fá afstöðu til þessa svo unnt sé að móta farveg þeirra verkefna sem eftir standa.
- Greina þarf þau verkefni sem eftir standa hjá sveitarfélögunum að loknu framangreindu mati. Ekki virðist enn liggja fyrir heildstætt og tæmandi yfirlit þeirra verkefna sem eftir standa hjá sveitarfélögunum með hliðsjón af fyrrgreindum lagabreytingum, og á það sér í lagi við um verkefnaflokka þar sem ábyrgð er skipt, þ.e. hvar verða skurðpunktar ábyrgðar og hvaða verkferlar verða til staðar?
- Greina þarf samþykktir sveitarfélaganna á þeim sviðum sem um ræðir og endurskoða þær með hliðsjón af breyttu lagaumhverfi og fyrirhuguðum breytingum á reglugerðum, m.a. m.t.t. lagastöðar og tilvísana.
- Greina þarf umfang, m.a. að því er varðar mannafla og kostnað, eftirstæðra verkefna og meta hvar þeim verði best fyrir komið, t.a.m. hvort þau flytjist til einstakra sviða sveitarfélagsins eða hvort heilbrigðiseftirlitseiningar verði áfram starfandi, þá með breyttri mynd og fyrirkomulagi.
- Skoða þarf hagkvæmni og hagræði af því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi með sér samstarf á þessu sviði, og í hvaða formi það skuli þá vera en lagaákvæði um

heilbrigðiseftirlit og eftirlitssvæði falla brott 1. janúar 2027. Slíkt samstarf er þá bundið af sveitarstjórnarlögum.

- Ákveða þarf með hvaða formi best er að vinna framangreint, þ.e. hvort rétt sé t.a.m. að skipa vinnuhóp, e.t.v. með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa. Við framangreint væri æskilegt að Sambandið hefði aðkomu að málum eftir því sem við á enda að miklu leyti um að ræða mál sem varðar öll sveitarfélög á landinu auk þess sem Sambandið hefur átt aðild að starfshópum um málefnið. Einnig má reikna með því að samtal við ráðuneyti og viðeigandi stofnanir eigi sér stað en af nefndarálini má ráða að ráðuneytið muni boða til frekara samtals, t.a.m. er varðar fyrirkomulag vatnsverndar. Í nefndarálini með frumvarpi til laga um einföldun regluverks segir jafnframt að meiri hlutanum þyki „eðlilegt að lagt verði mat á þann kostnað sem sveitarfélög kunna að verða fyrir vegna breytinganna og þeirra verkefna sem eftir verða.“

Fyrsta skrefið er þó væntanlega að taka afstöðu til þess hvort fýsilegt sé að sveitarfélögin hafi með sér samstarf á þessu sviði eða hvort hvert og eitt sveitarfélag vinni að innleiðingu umræddra breytinga.

Megindrættir:

Verkefnasvið	Meginhlutverk eftir breytingu	Athugasemd
Matvælaeftirlit	Stofnun atvinnuveganna	Reglubundið eftirlit, leyfis-/skráningarmál og þvingunarúrræði færast frá heilbrigðisnefndum.
Hollustuháttaeftirlit	Umhverfis- og orkustofnun	Eftirlit með eftirlitsskyldri starfsemi færast til ríkisins.
Mengunarvarnaeftirlit	Umhverfis- og orkustofnun	Starfsleyfi og almennt eftirlit með mengandi starfsemi færast til ríkisins.
Staðbundin verkefni	Sveitarfélög	Samþykktir, nærumhverfi, úrgangsjónusta, vatnamál, loftgæði, hávaði, skipulag og umsagnir sitja eftir að hluta eða öllu leyti.

Frumgreining á þeim flokkum verkefna sem ætla má að verði fyrir áhrifum:

	Verkefnasvið	Megininntak / breytingar	Athugasemd
Samþykktir	Meðferð úrgangs	Heimildir til setningar staðbundinna samþykta um gæludýra- og húsdýrahald, meðferð úrgangs og skolps eru óbreyttar. Leita þarf umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar eða Stofnunar atvinnuveganna. Ljóst er að allar slíkar samþykktir þar sem er að finna umfjöllun um heilbrigðiseftirlit þarfnast uppfærslu.	Gert er ráð fyrir samráði við Umhverfis- og orkustofnun skv. reglugerð í stað heilbrigðisnefnda nú. Starfsleyfis- og mengunarvarnaeftirlit með úrgangsstarfsemi fer til ríkisins.
	Meðferð skolps		Umhverfis- og orkustofnun kemur í stað heilbrigðisnefnda í reglugerð og skoða þarf samþykktir út frá því.
	Gæludýrahald		Hér þarf m.a. að skoða skörun við hlutverk nýrrar Stofnunar atvinnuveganna
	Húsdýrahald		

Hollustuhættir	Sveitarstjórn hefur eftirlit með almennum þrifnaði utanhúss, heimild til að fjarlægja lausamuni. Gjaldtöku- og þvingunarúrræði að því marki sem lög heimila.	Þarf að greina nánar í ljósi breytinga á reglugerðum.
Úrgangur og mengaður jarðvegur	Eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss, heimild til að fjarlægja lausamuni, staðsetning urðunarstaða og samstarf um kortlagningu mengaðra svæða.	Þarf að greina nánar hvort og hvaða áhrif laga- og reglugerðarbreytingar hafa á hlutverk sveitarfélaga hvað þetta varðar.
Loftgæði	Sveitarfélög hafa heimildir til að setja upp og reka mælistöðvar vegna hugsanlegs álags vegna umferðar eða starfsemi. Gert er ráð fyrir að Umhverfis- og orkustofnun vinni viðbragðsáætlanir og að aðgerðir séu skipulagðar í samráði sveitarfélaga og stofnunarinnar.	Hér þarf að greina nánar skörun við hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar og mikilvægt er að ferlar verði til staðar til að tryggja hröð viðbrögð og skilvirkni. Hér eru ýmsar reglugerðir undir sem kveða á um breytt hlutverk.
Hávaði	Nú er gert ráð fyrir samráði við heilbrigðisnefnd við gerð aðgerðaáætlunar en það samráð flyst til Umhverfis- og orkustofnunar.	Þarf að greina áhrif þessa nánar.
Vatnsvernd og vatnamál	Ákveðin verkefni í lögum um vatnamál eru flutt frá heilbrigðiseftirlitum til sveitarfélaga. Ýmsar reglugerðir eru hér undir þar sem verkefni eru flutt frá heilbrigðiseftirlitum.	Þarf að greina nánar en gert er ráð fyrir töluverðu samráði og upplýsingagjöf af hálfu sveitarfélaganna. Hér þarf að skoða sameiginlega samþykkt sveitarfélaganna og greina hvaða áhrif breytt hlutverk hafa á hana. Mikilvægt er að engin óvissa sé varðandi mál er lúta að vatnsvernd. Umhverfis- og orkustofnun tekur hluta af þessu og Stofnun atvinnuveganna hluta.
Umsagnir	Sveitarfélög verða áfram formlegir umsagnaraðilar og ábyrgð fyrir staðbundinni afstöðu vegna m.a. mannvirkja og starfsemi, skipulagsfrankvæmda- og umhverfismatsferla, gagnvart t.a.m. frankvæmdaaðilum, stofnunum og öðrum sveitarfélögum. Hér fellur einnig undir ýmiss konar samráð við t.a.m. Almennavarnir og Veðurstofu Íslands.	Hér þarf að meta að hvaða leyti heilbrigðiseftirlitin sinna þessum verkefnum nú og hvar þeim verði þá best komið í framtíðinni.
Önnur verkefni heilbrigðis- eftirlita	Samráð í skipulags- og byggingarmálum, s.s. álitsgerðir varðandi fyrirhugaða staðsetningu leikskóla og annars slíks húsnæðis. Álit í tengslum við mengaðan jarðveg, loftgæði og vatnsverndarsvæði. Heilbrigðiseftirlitin fara jafnframt með hlutverk samkvæmt byggingar- og skipulagsreglugerð.	Hér er um að ræða verkefni sem heilbrigðiseftirlitin sinna nú. Greina þarf þau verkefni frekar og meta hvernig þeim skuli fyrir komið. Í skipulagsreglugerð er gert ráð fyrir umsögn heilbrigðiseftirlits þegar við á og eins gerir byggingarreglugerð ráð fyrir hlutverki heilbrigðiseftirlits. Ekki verður séð að þessar reglugerðir séu meðal þeirra 57 sem til stendur að breyta en umrædd ákvæði úreldast við lagabreytinguna.

		Einnig þarf að yfirfara aðal- og deiliskipulagsáætlanir sveitarfélagana og kanna hvort og hvar er að finna umfjöllun um heilbrigðiseftirlit í þeim (s.s. Bláfjöll).
Fleira		Ekki er gert ráð fyrir að hér sé um tæmandi lista að ræða. Ráðast þarf í frekari greiningarvinnu með aðkomu m.a. heilbrigðiseftirlita og umhverfissviða á því hvaða verkefni eftirlitin sinna nú, hver kostnaður og mannaflapörf er vegna þeirra og hvernig þau verkefni koma til með að breytast. Ofangreind umfjöllun tekur þá fyrst og fremst til þeirra verkefna sem flytjast til Umhverfis- og orkustofnunar og á því enn frekari greining eftir að fara fram á þeim verkefnum sem flytjast Stofnunar atvinnuveganna og varða m.a. matvælaeftirlit.

HH